
BRÆÐRABORG Í SUÐURNESJABÆ

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA UPPBYGGINGAR



GYLFI HELGASON

REYKJAVÍK 2022
FS890-22281

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd sýnir býlið Smærnavöll (GK-089:012 01-04), horft til SSA.

Ljósmynd: Gylfi Helgason

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var á vormánuðum á lóð nýbýlisins Bræðraborgar í Suðurnesjabæ (áður Garði), innan lands Króks. Skráningin var unnin fyrir landeiganda vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á um 6 ha svæði. Úttektarsvæðið nær frá Síkinu í norðaustur til lóðamarka milli Skagabrautar 6 og Bræðraborgar að suðvestan.

Aðalskráning var unnin fyrir jörðina árið 2008 en við deiliskráningu vorið 2022 voru minjar mældar upp með nákvæmum hætti og úttektarsvæðið þaulgengið í leit að áður óþekktum minjum. Alls voru skráðar 28 minjar innan svæðisins, m.a. þrjú býli (Vegamót, Smærnavöllur og Bali) og fornleifar í heimatúnum svo sem kálgarðar, fjárhús og brunnar.

Efnisorð

Fornleifaskráning, íbúðauppbygging, býli, heimatún, Krókur, Bræðraborg, Suðurnesjabær, Garður, Reykjanes.

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in the spring 2022 within a c 6 ha assessment area at Bræðraborg in Suðurnesjabæ (previously known as Garður) (SW-Iceland), within the property of the farm Krókur. The survey was done in advance of a planned development and was carried out for the landowners. The assessment area is fringed by Síkið (a pond) to NE and by a boundary between Skagabraut 6 and Bræðraborg to SW.

Overall, 28 archaeological sites were surveyed, such as three farms (Vegamót, Smærnavöllur, Bali) and archaeology associated with homefields, *e.g.* vegetable gardens, sheep houses and wells.

Keywords

Archaeology, detailed survey, development, farm, Krókur, Bræðraborg, Garður, Reykjanes peninsula.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	6
2	SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	8
3	AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	10
4	FORNLEIFASKRÁ.....	12
5	FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS.....	26
	HEIMILDASKRÁ.....	34

VIÐAUKI


Hnitaskrá ISN93

Minjakort

Túnakort

1 Inngangur

Í vorþyrjun 2022 fóru eigendur lóðar sem tilheyrir nýbýlinu Bræðraborg í Suðurnesjabæ (áður Garði) þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að hún tæki að sér skráningu fornleifa á um 6 ha svæði innan lóðarinnar, sem áður tilheyrði lögþýlinu Króki. Eru uppi áform um uppbyggingu íbúða innan svæðisins. Úttektarsvæðið nær frá Síkinu í norðaustur til lóðamarka milli Skagabrautar 6 og Bræðraborgar að suðvestan.



Mynd 1. Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis og staðsetningu þess á innfelldu Íslandskorti frá Loftmyndum ehf.

Árið 2008 voru skráðar minjar innan Króks þegar unnin var aðalskráning fyrir sveitarfélagið Garð.¹ Þá voru skráðar 12 minjar innan úttektarsvæðisins. Þegar farið var aftur á vettvang í maí 2022 var svæðið gengið kerfisbundið í leit að áður óþekktum minjum og fundust þá 16 fornleifar til viðbótar. Minjarnar sem áður höfðu verið skráðar voru mældar upp með nákvæmum hætti og eldri skráning endurskoðuð. Úttektarsvæðið er í Suðurnesjabæ (áður Garði) og er suðurvesturhluti svæðisins hluti af bakgarði nýbýlisins Bræðraborgar (b. 1940). Miðhluti svæðisins er að mestu leyti

¹ Birna Lárusdóttir 2008.



Mynd 2 og 3. Myndir sem sýna landshætti innan svæðisins. Vinstrí myndin sýnir tjörnina sem er í norðausturhorni úttektarsvæðis, horft til NNA. Til hægri er mynd af miðhluta svæðisins sem er nýtt fyrir hrossabeit, horft til suðausturs.

Óræktaður og fremur sléttur hrossahagi og norðurhlutinn er nær óraskað mýrlent svæði. Í norðausturhorni svæðisins er stór tjörn (Síkið).

Um skráningu, skýrslugerð og kortavinnu sá Gylfi Helgason, fornleifafræðingur. Skýrsla þessi er byggð upp á sama hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um skráningarkerfi FSÍ og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæðis og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði (ISN93) og minjakort.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, nauustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfir, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Pað er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-089:001). Þær minjar sem skráðar voru vorið 2022 eru allar innan marka lögbýlisins Króks (GK-089) en tvær fornleifar tilheyra lögbýlinu Krókvelli (GK-090). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan marka skipulags. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkiniu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna

framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfrá, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnumnar Íslands.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

GK-089 Krókur

Sögulegar heimildir

1703: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, bls. 85.

1847: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, bls. 88.

„Krókur var gamla býlið, en svo var Sólbakki byggður úr því [...]. Sólbakki var færður vegna sjávargangsm“ segir í Ö-Miðhús og Krókur, 1.

Jarðarinnar er getið í skjölum um rekaskipta frá um 1270: „[S]andgierdinga, ok þar vr sionhending j hinn hæsta stein aa markskeri. Þadann eigv sydvr biasker j midiann eyktar holm. Þadann fra fylavik xl fadma ä sanndinn fra kolldvhomrvm. Þadann aa hvalsnes. krokvr. ok vtskaler sydvr til midær holms sinn þridivng hvor þeirra. Þadann eigv vtskaler einer sydvr til miosyndis.“ DI II, bls. 77-78.

Jarðarinnar er einnig getið í fjárskiptabréfi „milli húsfrú Hólmfríðar Erlendsdóttur af einni álfu, en af annari Eyjólfss Einarssonar, sonar hennar, og systkina hans“ frá 1522. DI IX, bls. 87.

Þá er hennar getið í yfirlýsingu Gissurar Skálholtsbiskups frá 1541 þar sem hann lýsir því yfir að „hústrú Hólmfríðr Erlendsdóttir haldi til fullrar eignar jörðunum Sandgerði, Króki og Miðhúsum,“ DI X, bls. 657 og í dómi um „testametum hústrú Hólmfríðar heitinnar Erlendsdóttur“ frá 1545, DI XI, bls. 402.

Þá er jarðarinnar aftur getið í dómi frá 1547 „um gildi gjafabréfs hústrú Margrétar Vigfúsdóttur 1486 um ánefnt jarðagóz til Þorvarðs Erlendssonar, dóttursonar síns.“ DI XI, bls. 570. Jarðarinnar er einnig getið í skiptabréfi Eyjólfss Einarssonar í Dal undir Eyjafjöllum frá 1558, DI XIII, bls. 323.

Þrjár hjáleigur eru nefndar frá bænum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703, Krókshjáleiga og tvær ónefndar báðar í eyði.

Landgæði

1703: „Fóðrast kann ii kyr og i úngneyti laklega [...]. Torfrista og stúnga hjálpleg. Rekavon lítil. Lýngrif í óskiftu landi lítilfjörlegt og lángan veg í burtu. Eldiviðartak af fjöruþangi hjálplegt. Heimræði árið um kríng og uppsátur í Útskálalandi [...]. Hjér í móti eigu Útskálar vatnsnaut í Króks brunni. Lendíng hættusöm. Tún jarðarinnar spillist af leysingarvatns ágángi. Engjar öngvar. Úthagará litlir mjög sumar og vetur,“ bls. JÁM III, bls. 85-86.

1919: Tún 1,2 ha, kálgarðar 1120 m², samkvæmt túnakorti frá 1919.

GK-089:010 vegur traðir A 321530 N 402002



Til vinstri: Loftmynd af tröðum 010. Loftmynd frá loftmyndir ehf. Til hægri: ljósmynd af sömu tröðum, horft til SA.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir milli Lykkju 007 og Smærnavallar 012 01. Vegurinn var upphaflega skráðar vegna aðalskipulagsgerðar í Garði 2008. Staðurinn var aftur heimsóttur árið 2022 vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks. Traðirnar voru þá mældar upp og lýsing endurskoðuð. Þær sem leiðin lá er nú sléttar en óræktað tún og þær sem þessi leið og leið 090:006 mætast er hálfgerð órækt.

Ógreinilega má sjá 0,3 m háa upphækkun þar sem traðirnar lágu en þeim hefur talsvert verið raskað í túnasléttun. Traðirnar eru um 30 m á lengd og 3 m á breidd. Þær snúa nálega NNV-SSA og hverfa við lóðamörk milli Bræðraborgar og Sólbakka.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 56

GK-089:012 01 Smærnavöllur bæjarstæði býli A 321562 N 401949



Smærnavöllur 012, horft til norðurs

við myri. Svæðið hefur verið sléttar en er komið í órækt.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var býlið Smærnavöllur hátt í um 150 m SSA af Lykkju 007. Í örnefnalýsingu segir: „Bræðraborg [...] [l]and þetta hétt Smærnavöllur, og neðst í því hétu Vegamót [022 01]. Þær ofar var Bali [025], og neðst niðri á Gerðabökum fyrرنefndu voru býli.“ Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tún Smærnavallar alls um 1,5 teigar og kálgarðar um 630 m². Staðurinn er nú merktur með skilti. Á svæði sem er 20 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur er bæjarstæði (01), tóftir (02 og 03) og kálgarðar (04). Smærnavöllur var upphaflega skráð í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsóttur vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks 2022. Þá var staðurinn mældur upp og lýsing uppfærð. Bæjarstæðið er í túni sem er rétt sunnan

Bæjarstæðið er 9,5 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Nokkur merki uppsöfnun mannvistarlagar er undir sverði og er bæjarstæðið um 1,6-2 m hærra en túnið í kring

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Miðhús og Krókur, 2; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 57



Loftmynd af Smærnavelli 012 og öðrum minjum þar nálægt. Loftmynd frá loftmyndir ehf.

GK-089:012 02 tóft útihús A 321562 N 401947

Tvær tóftir eru á bæjarstæðinu. Hér er tóft 02 lýst, sem norðaustast á bæjarstæðinu. Tóftin er $2,5 \times 1$ m að innanmáli og snýr h.u.b. norður-suður. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Allt að 2 umför af stæðilegu grjóti má sjá í hleðslum. Opið á tóftinni snýr til suðvesturs, og er það nokkuð mjótt, um 0,3 m.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:012 03 tóft útihús A 321557 N 401945

Tóft 03 er suðvestast á bæjarstæðinu, um 5 m suðvestan við tóft 02. Hún er $3,5 \times 2$ m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Hleðslur í tóftinni standa grónar, 0,9 m á hæð. Tóftin er hlaðin úr torfi- og grjóti en engin umför sjást vegna gróðurs. Op er á tóftinni sunnarlega á austurhlíð tóftarinnar.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:012 04 gerði kálgardur A 321571 N 401945



Kálgardur 012 04, horft til norðvesturs.

Tveir sam tengdir kálgardar eru umhverfis norður- og austurhluta túns Smærnavallar 012, um 5 m frá bæjarstæði 01. Kálgardarnir eru hvor um sig um, 17×16 m að stærð og snúa NNV-SSA. Þeir eru er torf- og grjóthlaðnir, 0,5 m á hæð og sjást 1-2 umför af grjóti í hleðslum austast í garðinum. Engin beð sjást lengur í görðunum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:013 gerði kálgarður A 321551 N 401937

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarður sunnan og suðvestan við Smærnavöll 012 [sjá einnig kálgarð 12 04]. Kálgarðurinn er um 10 m suðvestan við bæjarstæði 012 01. Þessi kálgarður var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsóttur vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks 2022. Kálgarðurinn var þá mældur upp og lýsing uppfærð. Kálgarðurinn er í túni sem er rétt sunnan við myri. Svæðið hefur verið sléttæð en er komið í órækt.

Kálgarðurinn er 20 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSV. Garðurinn er grjóthlaðinn, um 0,6 m á hæð og er að hluta niðurgraffinn. Ekkert op er greinilegt á garðinum og ekki sér lengur til beða í honum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 57



Kort af kálgorðum 014-016 og tóft 014 02. Loftmynd frá loftmyndir ehf.

GK-089:014 01 gerði kálgarður A 321511 N 401885

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 85 m suðvestan við Smærnavelli 012 01 og 20 m norðaustan við kálgarð 015. Rétt sunnan við kálgarð (01) er tóft (02) og eru þessar fornleifar á svæði sem er 70 x 22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Kálgarðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsóttur 2022 vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks. Kálgarðurinn var þá mældur upp og lýsingu breytt. Aðeins norðausturhluti kálgarðsins er innan úttektarsvæðis 2022. Rétt norðan við kálgarðinn liggur skolplögn í átt að Gerðalandi. Annars óræktað en slétt svæði.

Kálgarðurinn er um 70 x 12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er tvískiptur og er kálgarðurinn byggður beggja vegna við túngarð GK-090:007. Garðurinn er grjóthlaðinn, 0,5-0,7 má stærð og sjá má 2-4 umför af grjóti í hleðslum. Innan garðs má sjá nokkur beð.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 57

GK-089:014 02 tóft skemma A 321493 N 401865



Tóft 014 02, horft til VSV.

GK-089:015 þúst kálgarður A 321528 N 401868

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 85 m SSV við Smærnavöll 012 og 20 m suðaustan við kálgarð 014 01. Kálgarðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsóttur 2022 vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks. Staðurinn var hnitsettur nákvæmar og lýsingu breytt. Á þessum stað er óræktað svæði, skammt norðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar.

Kálgarðurinn sést sem 6 x 3 m stór þúst sem snýr ANA-VSV. Hún er 0,2 m á hæð en er greinileg því á þessu svæði er gróður mun þéttari en annars staðar.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-089:016 gerði kálgarður A 321509 N 401831



Kálgarður 016, horf til norðurs.

Tóft 02 er um 5 m sunnan við kálgarð 01. Tóftin er einföld, 9 x 4,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki virðist vera hlaðinn veggur fyrir ANA-hlið tóftarinnar. Hún er mjög siginn, 0,2 m á hæð og ekki sjást grjóthleðslur. Ekki er víst með hlutverk tóftarinnar, en hugsanlegt er að hún hafi skemma eða geymsla fyrir það sem ræktað var í kálgarði 01.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 120 m SSV við Smærnavöll 012. og 35 m SSV við kálgarð 015. Þessi kálgarður er áfastur túngarði GK-090:007. Kálgarðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var heimsóttur aftur 2022 vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks. Við það tilefni var staðurinn mældur upp og lýsing endurskoðuð. Kálgarðurinn er rétt suðvestan við nýbýlið Bræðraborg (b. 1940). Sunnan og suðvestan við kálgarðinn er bakgarður Bræðraborgar.

Kálgarður sést enn á þessum stað en hann er mikið raskaður því hann er nú (2022) nýttur sem blómagarður frá Bræðraborg. Garðurinn er a.m.k. 11 x 8 m að stærð og snýr VNV-ASA; mögulega


hefur hann verið tvískiptur en það er ekki skýrt vegna mikils gróðurs á svæðinu. Garðurinn er grjóthlaðinn en ekki er hægt að sjá umför því hann er á kafi í gróðri og blómum. Hæð garðsins er 0,6 m.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 57

GK-089:020 tóft útihús A 321559 N 401921

Tóft eru um 5 m norðan við Bala 025 og 20 m sunnan við Smærnavöll 012. Tóftin var fyrst skráð í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsótt 2022 vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks. Þá var tóftin mæld upp og lýsing endurskoðuð. Tóftin er á sléttu túni sem komið er í órækt.



Til vinstri: Loftmynd af tóft 020. Loftmynd frá loftmyndir ehf. Til hægri: ljósmynd af sömu tóft, horft til suðvesturs.

Tóftin er $7 \times 6,5$ m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er niðurgrafin, um 0,5 m og í hliðunum sjást grjóthleðslur. Í hólfunum er nokkuð af rusli. Norðurhlið hólfs A er ekki eins greinilega hlaðin og aðrar hliðar, en á suðurhliðinni er greinileg, lág hleðsla. Hólf A er um 4×2 m að innanmáli og snýr í ANA-VSV. Hólfid er um 0,3 m djúpt. Töluvert grjót er innan í hólfinu. Hólf B er 4×3 m að innanmáli, snýr ANA-VSV en er mögulega skipt í tvennt fyrir miðju, þótt það sé ekki skýrt. Hlutverk tóftarinnar er óþeckt, en staðsetning hennar bendir til einhvers konar útihúss.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, bls. 58

GK-089:022 01 Vegamót bæjarstæði býli A 321633 N 401870



Býlið Vegamót 022 01, horft til norðurs.

Býlið Vegamót er merkt inn á túnakort frá 1919. Það var um 90 m norðaustan af nýbýlinu Bræðraborg (b. 1940). Við býlið (01), er tóft (02), kálgarðar (03) og traðir (04). Þessar fornleifar eru á svæði sem er 90×55 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vegamót var upphaflega skráð vegna aðalskipulagsgerðar í Garði 2008 en var aftur heimsótt 2022 vegna deiliskipulags í landi Króks. Þá var bæjarstæðið mælt upp og lýsingu breytt lítillega. Fremur óraskað svæði, nokkuð slétt og gróið en sums staðar sér í gróðursnautt grjót.

Bæjartóftin er 18×12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin nær mest 1 m á hæð og sennilega er smávægileg uppsöfnuð undir bæjartófinni þótt hún sé ekki mikil.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 58-59

GK-089:022 02 tóft útihús 321629 401875



Hólf A, horft til norðausturs.

Greina má 5 grjóthlaðin hólf á bæjartóftinni. Í suðausturenda tóftar eru tvö hólf. Það syðra (A) $3 \times 1,5$ m að innanmáli (snýr NNA-SSV) og það nyrðra hólf (B) er um 2 m norðan við hólf A og um $1,5 \times 1,5$ m. Op er á hólf A norðarlega á austurhlið þess. Ekki er hlaðinn veggur á VNV-hlið hólfar B og hefur líklega verið timburþil þar fyrir. Hólf A og B eru töluvert greinilegri en önnur hólf á bæjarstæðinu og standa hleðslur þar í um 1 m hæð (allt að 4 umför). Hólf C er um 8 m VNV við hólf A. Það er $3,5 \times 1,5$ m að innanmáli, snýr NNA-SSV en ekki er hlaðinn veggur fyrir SSV-hlið þess og kann að hafa verið timburþil þar. Það er um 0,5 m á hæð og hallar smávægilega til suðvesturs. Hólf D er 12 m VNV við hólf A. Það er nær alveg hrunið og erfitt að greina lag þess á því þótt ytra



Til vinstri: Hólf D, horf til vesturs. Til hægri: Hólf E, horf til norðurs.

byrði þess sé enn vel greinanlegt. Það er $3,5 \times 3$ m að stærð, snýr nálega norður-suður og er $0,4$ m á hæð. Hólf E er 4 m NNA við hólf D. Það er 4×2 m að innamáli, snýr NNA-SSV og op er norðarlega á austurhlið þess. Hólfið er sigið, $0,6$ m á hæð.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda



Kort af Vegamót 022 01-04 og minjum þar nálægt. Loftmynd frá loftmyndir ehf.

GK-089:022 03 gerði kálgarður A 321623 N 401874

Kálgarður eða kerfi kálgarða 03 er merktur umhverfis býlið Vegamót inn á túnakort frá 1919. Samtals ná kálgarðarnir yfir svæði sem er 90×55 m að stærð og snýr norðvestur-suðausturs. Þeir eru hlaðnir úr staðilegu grjóti og sjá má allt að 6 umför af grjóti í hleðslum sem eru hæstar til norðurs og austurs og mest $0,7$ m á hæð. Kálgarðurinn skiptist í 9 hólf og er það stærsta VSV- við bæjarstæðið, um 44×8 m að stærð og snýr VNV-ASA. Minnsta hólfið er rétt norðaustan við Vegamót, 15×8 m að stærð, snýr VNV-ASA, og er $0,5$ m hærra en umhverfið í kring. Sums staðar er hægt að

greina beð í kálgarðinum. Samkvæmt Unnari Má Magnússyni, heimildamanni, var ræktað í hluta þessar garða eithvað fram eftir 20. öldinni.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 58-59

GK-089:022 04 heimild um traðir A 321631 N 401853

Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1919 að/frá Vegamótunum. Traðirnar hafa snúið nálega austur-vestur. Engin ummerki sjást um þessar traðir lengur og óvist er hvort þær hafi verið hlaðnar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

GK-089:023 brunnur brunnur A 321563 N 401969



Brunnur 023, horft til norðurs.

er að girða brunninn af með vírgirðingu.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:025 *Bali* bæjarstæði býli 321562 401916



Til vinstrí: Tóftin af *Bali*, horft til suðausturs. Til hægri: Loftmynd af sömu tóft. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

„Rétt ofan við þessa bæ [Smærnavöll 012 01 og líklega Vegamót 022 01] var lítið kot, sem hét *Bali*. Allir þessir bær eru nú fyrir löngu í eyði komnir og tættur einar," segir í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur og býli í Garði 1903-1915. *Bali* er um 35 m SSA við Smærnavöll 012 og 25 m ASA við kálgarður 013. Staðurinn er merktur með skilti. *Bali* var fyrst skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs 2008 en var aftur heimsóttur 2022 vegna

deiliskipulagsggerðar í landi Króks. Þá var staðurinn mældur upp og lýsing uppfærð. Þali er innan sléttuð túns sem komið er í órækt.

Tóftin er 12 x 6,5 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæstar eru hleðslurnar um 1,4 m. Tóftin er úr torfi og grjóti. Norðausturbakki hennar er mjög vel gróinn grasi. Óp er á tóftinni fyrir miðri norðvesturhlíð tóftarinna en það er nú nærrí fullt af hruni. Nokkuð er af grjóti bæði innan og utan við veggina og því má ætla að nokkuð hafi hrunið úr veggjunum. Tóftin gæti hafa verið tvískipt en í miðju hennar er þúst sem gæti hafa verið skilveggur þó mögulegt sé að þústin sé aðeins hrun.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hallmann Sigurðsson 1966; Birna Lárusdóttir 2008, bls. 59

GK-089:027 frásögn brunnur A 321566 N 401841



Brunnur 027, horft til norðurs.

Samkvæmt Unnari Már Magnússyni, heimildamanni, var brunnur frá fyrri hluta 20. aldar um 30 m austan við nýbýlið Bræðraborg (b. 1940) og 35 m suðvestan við fjárhús 033 01. Brunnurinn er merktur inn á uppdrátt af Bræðraborg frá 1981. Þar sem brunnurinn var er nú malarplan fyrir bíla.

Engin ummerki sjást lengur um brunn á þessum slóðum. Að sögn Unnars var fyllt var í brunninn á 7. áratug 20. aldar.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bræðraborg, uppdráttur (1981)

GK-089:028 þúst úтиhús A 321645 N 402113

Þúst er rúnum 10 m norðan við tungarð 030 01 og 110 m NNA við tungarð GK-090:007. Þústin er rétt sunnan við tjörn, á fremur deiglendu svæði.


Þústin er 13 x 7 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,7 m þar sem hún er hæst. Hún hefur aflíðandi hlíðar en skarpar brúnir. Á þústinni eru tvaer greinilegar dældir, hvor um sig um 2 x 2 m að stærð þar sem líklega hafa verið hólf af úтиhúsi af einhverri sort.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda



Til vinstri: Þúst 028, horft til norðurs. Til hægri: Loftmynd af sömu tóft ásamt hluta af garðlagi 030 01. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

GK-089:029 gerði kálgarður A 321566 401841




Kálgarður 029 og minjar þar nálægt. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

Kálgarður er um 30 m SSV við Vegamót 022 01 og 20 m suðaustan við fjárhús 033 01. Fremur slétt og óræktað svæði, sums staðar standa hraunibbur upp úr grasinu.

Kálgarðurinn er 26 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er grjóthlaðinn og sjást 2-3 umför af grjóti í hleðslum sem eru 0,4-0,6 m á hæð. Kletthóll afmarkar að hluta til norðvesturhlið kálgarðsins. Kálgarðurinn er ekki merktur inn á túnakort frá 1919 og gæti því verið eldri en kortið þótt ekki sé útilokað að hann sé reistur skömmu eftir að kortið var gert.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:030 01 garðlag túngarður A 321635



Túngarður og tóft 030 01-02. Loftmynd frá Loftmyndir ehf,

N 402109

Túngarður er merktur NNA-lega í túni Smærnavallar 012 inn á túnakort frá 1919. Hluti gardsins var tekinn út vegna deiliskipulags í landi Króks árið 2022. Garðurinn (01) er enn vel greinilegur og við SSA-enda hans er tóft (02). Garðurinn liggur annars vegar gegnum mólendi og hins vegar myrlent svæði.

Innan úttektarsvæðis 2022 er garðurinn um 160 m á lengd og 2-4 m á breidd. Garðurinn afmarkar NNA-hlið túns Smærnavallar. Garðurinn nær lengra til vesturs en hér er lýst en sá hluti er utan svæðis 2022. Garðurinn er breiðastur til norðurs. Hann liggur nálega norðvestur-suðaustur en fyrir miðju beygir garðurinn til suðurs, þar hverfur hann í myri en verður aftur greinilegur sunnan við myrina. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og er 0,3-1,3 m á hæð. Í suðurenda hans sést glitta í 2-3 umför af stæðilegu hleðslugrjóti.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1919

GK-089:030 02 tóft rétt A 321601 N 401936

Tóft er hlaðin við suðurenda túngarðs 01. Tóftin er ferhyrnd, 18,5 x 8 m að stærð og snýr NNA-SSV með opi sunnarlega á VSV-hlið. Tóftin er hlaðin úr grjóti og sjást 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslu sem eru 0,6 m á hæð. Staðsetning tóftar, stærð og lögun bendir til að hún hafi verið rétt af einhverri tegund.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:031 þúst útihús A 321594 N 401954



Til vinstri: Þúst 031, horft til suðausturs. Til hægri: Loftmynd af sömu tóft ásamt hluta af garðlagi 030 01. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

Þúst er um 30 m norðaustan við Smærnavöll 012 og 35 m VSV við brunn 023. Ekkert mannvirki er merkt inn á túnakort á þessum slóðum og mögulega hefur mannvirkið sem þarna hefur staðið þegar verið fallið fyrir gerð túnakortsins. Búið er að sléttu svæðið en það er komið í örækt. Til norðurs er myri og tjörn.

Þústinn er 5,5 x 5 m að stærð og snýr hér um bil norður-suður. Hún er 0,5 m á hað og er áberandi grænni en umhverfið. Parna leynist sennilega mannvist undir sverði. Ekki er ólíklegt að útihús hafi staðið þarna en þó er ekki loka fyrir það skotið að um öskuhaug sé að ræða, þótt hann væri þá nokkuð langt frá bæ.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

GK-089:032 heimild um legstað A 321655 N 401913



Steinn 032, horft til austurs.

Steinn með áletrun er um 50 m NNA við Vegamót 022 01 og 60 m ASA við tóft 030 02. Staðurinn er merktur með skilti. Samkvæmt Unnari Már Magnússyni, heimildamanni, heimsótti Kristján Eldjárn steininn og taldi að um heiðinn legstað væri að ræða. Engar heimildir fundist um þessa ferð Kristjáns eða um meintan legstað á þessum stað. Á heimasíðu Ferlis er getið um staðinn og álög sögð vera á steinunum. Steininn er rétt norðan við kletthól, á öræktuðu svæði. Þessi kletthóll er sagðir manngerður í lýsingum Ferlis (sjá neðar), en er líklega náttúrulegur.

Engin merki um rúnir sáust á steininum en hann var mjög gróinn og möguleiki er á að rúninar séu undir gróðrinum. Á ferlir.is segir: „Í ferð Ferlis um Garð var m.a. kíkt á letursteininn. Greinileg merki um leturröð eru eftir honum miðjum.

Með því að nú að snjó í letrið mátti þó greina einstaka rúnastafi. Erfitt er að greina einstök takn eða stafi, en þar til gerðir fræðingar gætu eflaust komist að því hvers konar letur er um að ræða. Áletrunin er greinilega mjög forn. Ofan við steinin er manngerður haugur [sbr. lýsingu hér að ofan er þetta líklega kletthóllinn sem getið er um hér að ofan, líklega náttúrulegur hóll].“

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ferlis.is: „Garður – Legsteinn.“



Loftmynd af minjastað 033. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

merki um heystæði.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bræðraborg, uppdráttur (1981)

GK-089:033 02 garðlag óþekkt A 321585 N 401868

Garðlag 02 er um 15 m norðvestan við tóft 01. Garðurinn er grjóthlaðinn en mjög siginn og sums staðar nær alveg útflattur. Hæstur er garðurinn nálægt norðvesturenda, 0,3 m á hæð. Garðurinn er L-laga, og liggur um 18 m til norðvesturs-suðausturs. Við suðausturenda hans liggur um 9 m langur bútur til suðvesturs og við endann á þeim bút er eins og garðurinn sé að beygja til suðurs en á þessum stað hverfur garðurinn og það er því ekki skýrt. Mögulega er þetta kró kringum fjárhús 01 en gæti þó verið hluti af kálgörðum við Vegamót 022 02.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Fjárhústóft er um 40 m suðvestan við Vegamót 022 01 og 30 m NNA við brunn 027. Fjárhúsið er merkt inn á uppdrátt af Bræðraborg frá 1981. Á þessum stað er tóft (01) og garðlag (02) á svæði sem er 30 x 12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fremur slétt en óræktað svæði. Sunnan við tóftina er bakgarður nýbýlisins Garðbraut 100 (b. 1974).

Tóft 01 er einföld, 5 x 5 m að stærð og er efst á náttúrulegum hóli. Hún er grjóthlaðin og má sjá 1-2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru hæst til norðurs og austurs, 0,5 m hæð. Óp er á ASA-hlið tóftar. Engin hlaða er greinileg en þó er mjög áberandi grænt svæði, 7 x 7 m að stærð, rétt norðvestan við tóftina og gæti það verið

GK-090 Krókvöllur


Sögulegar heimildir

Jarðarinnar er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703.

1847, sögð vera hjáleiga frá Króki, samkvæmt Jarðatali Johnsens, bls. 88. Í neðanmálgrein segir: „Þó að hvorki sýslumaður né jarðabækurnar nefni hjáleigu þessa [Króksvöll], er samt svo að skilja á presti, að hún sé til, sem bygt býli.“

Landkostir

1919: Tún 1,2 ha, kálgarðar 900 m², samkvæmt túnakorti frá 1919.



Túngarður 007 og hluti af minjum við hann. Loftmynd frá Loftmyndir ehf,

Annars staðar er hann ívíð lægri, og er nær útfattur (0,2 m á hæð) þar sem hann liggur yfir myri rétt NNV við Smærnavöll 012. Garðurinn er grjóthlaðinn og sjást 1-4 umför af smágrýti í bland við stæðilegt grjót í hleðslum. Vírgirðing er að hluta til reist ofan á garðinum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Krókvöllur, 1; túnakort 1919; Birna Lárusdóttur 2008, bls. 62

GK-090:010 heimild um hjall A 321464 N 401801

„Fiskhús voru upp við veginn, alveg suður við merki milli Smærnavallar og Krókvallar. Þar var einnig stakkstæði,“ segir í örnefnalýsingu. Fiskhúsin voru rúma 100 m SSA af Krókvelli 001, fast austan við heimreiðina að bænum, og 90 m suðvestan við nýbýlið Braeðraborg (b. 1940). Þessi staður var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs árið 2008 en var aftur heimsóttur vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks 2022. Þá var staðurinn hnítsettur nákvæmar en lýsingu var ekki breytt. Staðurinn er utan úttektarsvæðis 2022 en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan þess og því var hann tekinn með í fornleifaskrá. Lítilgar hækkanir og órækt er á svæðinu þar sem fiskhúsin stóðu.

Engin ummerki sjást lengur um fiskihús á þessum stað. Til er ljósmynd af fiskvinnsluhúsi í landi Krókvallar og stakkstæði við það, varðveisitt hjá Ásgeiri Kjartanssyni.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Krókvöllur, 1; Birna Lárusdóttur 2008, bls. 62-63



Túngarður 007, horft til NNV.

„Smærnavallatún tók við neðan við tun Krókvallar nema alveg yzt, þar lá það að Krókstúni. Grjótgarður skildi þessi tun að,“ segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er einnig merktur inn á túnakort frá 1919. Hann er greinilegur suðvestan, vestan og norðvestan við tun Smærnavallar. Túngarðurinn var upphaflega skráður í tengslum við aðalskipulagsgerð Garðs árið 2008 en var aftur heimsóttur vegna deiliskipulagsgerðar í landi Króks 2022. Þá var garðurinn mældur upp og lýsingu breytt. Garðurinn liggr milli Smærnavallartúns, sem er beitt er undir hesta og Krókvallatúns sem er slegið.

Garðurinn er um 330 m langur og allt að 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Hann er nokkuð siginn, en er hæstur til suðvestur, um 0,7 m á hæð.

5 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Skráning forminja var unnin snemma vors 2022 innan úttektarsvæðis á lóð nýbýlisins Bræðraborgar sem áður tilheyrði landi Króks í Suðurnesjabæ (áður Garði). Garði er þéttbýlt svæði og þar voru áður hefðbundar bújarðir þar sem helstu nytjar voru landbúnaður og fiskveiðar. Sennilega hefur lengi verið þéttbýlt en margar af þeim jörðum er getið snemma í rituðum heimildum eða um 1270, svo sem Miðhús, Krókur, Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Varir, Meiðastaðir og Rafnkelstaðir.² Þessar jarðir standa svo þétt saman að segja má að þarna hafi lengi verið til þorp, a.m.k. hverfi. Byggðin hefur síðan aukist nokkuð á 19. og 20. öld, miðað við fjölda hjáleigna en margar þeirra hafa nær eingöngu lifað á fiskveiðum. Sú byggð hverfur síðan nær alveg þegar líður á 20. öldina og hafa nýleg íbúðarhús byggð ásamt verslun og þjónustu tekið við og þar hefur myndast lítið bæjarfélag.³

Samtals reyndust 28 minjar innan svæðisins (tafla 1). Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um fornleifarnar en í viðauka II er minjakort af svæðinu og einnig upprétt túnakort.

Tafla 1. Fornminjar innan svæðis

Samtala	Minjaeininger	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
GK-089:010	1		Vegur	Traðir	Stórhætta
GK-089:012	4	Smærnavöllur	Bæjarstæði	Býli	Stórhætta
GK-089:013	1		Gerði	Kálgarður	Stórhætta
GK-089:014	2		Gerði	Kálgarður	Stórhætta
GK-089:015	1		Þúst	Kálgarður	Stórhætta
GK-089:016	1		Gerði	Kálgarður	Stórhætta
GK-089:020	1		Tóft	Útihús	Stórhætta
GK-089:022	4	Vegamót	Bæjarstæði	Býli	Stórhætta
GK-089:023	1		Brunnur	Brunnur	Stórhætta
GK-089:025	1	Bali	Bæjarstæði	Býli	Stórhætta
GK-089:027	1		Frásögn	Brunnur	Stórhætta
GK-089:028	1		Þúst	Útihús	Stórhætta
GK-089:029	1		Gerði	Kálgarður	Stórhætta
GK-089:030	2		Garðlag	Túngarður	Stórhætta

² DI II, bls. 76-80. Einnig má nefna Útskálar og býlum þar í grennd. Grafið var í bæjarhól Útskála árið 2005 vegna byggingu safnaðarheimilis og grafið var niður á minjar frá 12. öld. Eldri leifar voru þar undir en ekki var grafið niður á þær, sjá Guðrún Alda Gísladóttir 2006.

³ Sjá t.d. ÁFÍ 1984, bls. 27.

GK-089:031	1		Þúst	Útihús	Stórhætta
GK-089:032	1		Heimild	Legstaður	Stórhætta
GK-089:033	2		Tóft	Fjárhús	Stórhætta
GK-090:007	1		Garðlag	Túngarður	Stórhætta
GK-090:010	1		Heimild	Hjallur	Hætta
28					


Innan svæðis fundust minjar um þrjú sæmilega varðveitt býli og er greinileg uppsöfnun mannvistarlaga við hvert þeirra. Smærnavöllur (GK-089:012) eru um 90 m norðan við nýbýlið Bræðraborg (b. 1940). Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tún Smærnavallar alls um 1,5 teigar og kálgarðar um 630 m². Staðurinn er nú merktur með skilti. Á svæði sem er 20 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur er vel varðveitt bæjarstæði (GK-089:012 01), greinilegar tóftir (GK-089:012 02 og 03) og kálgarðar (GK-089:012 04). Sjálf bæjarstæðið (01) er 1,6-2 m hærra en túnið í kring. Tóftirnar eru tvær (02 og 03). Þær eru báðar torf- og grjóthlaðnar. Tóft (02) er lítillega betur varðveitt en tóft (03). Hún er norðaustast á bæjarstæðinu og eru veggir hennar 1,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Tóft (03) er suðvestast á bæjarstæðinu og standa hleðslur þar líka grónar, 0,9 m á hæð. Tveir samtengdir kálgarðar (04) eru meðfram norður- og austurhluta túns Smærnavallar. Kálgarðarnir eru hvor um sig um, 17 x 16 m að stærð og snúa NNV-SSA. Þeir eru er torf- og grjóthlaðnir og sæmilega varðveittir þótt hleðslur þeirra séu signar, mest 0,5 m á hæð. Sömuleiðis var kálgarður (GK-089:013) skráður. Hann er merktur sunnan og suðvestan við Smærnavöll inn á túnakort frá 1919. Garðurinn er grjóthlaðinn, 20 x 8 m að stærð og er ágætlega varðveittur þótt engin beð sjáist lengur í honum. Einnig voru traðir (GK-089:010) skráðar. Þær lágu milli Lykkju (GK-089:007) (utan svæðis) og Smærnavallar (GK-089: 012 01) samkvæmt túnakorti frá 1919. Búið er að sléttu svæðið út en óljóst má sjá 0,3 m hækjun innan úttektarsvæðis þar sem traðirnar lágu. Traðirnar



Tóft á Smærnavöllum 12 02. Margir minjastaðir á svæðinu eru merktir með skilti, eins og býlið Smærnavöllur, horft til austurs.

eru um 30 m á lengd og snúa nálega NNV-SSA. Þúst (GK-089:031) var skráð um 35 m norðaustan við Smærnavöll (012 01). Þústin er áberandi grænni en umhverfið í kring. Hún er 0,5 m á hæð, 5,5 x 5 m að stærð og snýr hér um bil norður-suður. Ekki er ólíklegt að útihús frá Smærnavelli hafi staðið þarna en þó er ekki loka fyrir það skotið að um öskuhaug frá sama býli sé að ræða, þótt að í síku tilfelli væri hann talsvert langt frá bænum.

Býlið Vegamót
(GK-089:022 01) er sléttum 90 m norðaustur af nýbýlinu Bræðraborg. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tún Vegamóta alls um 0,2 teigar og kálgarðar um 1280 m². Við býlið (GK-089:022 01), er stæðileg tóft (GK-089:022 02), reisulegir kálgarðar



Túnakort Vegamóta frá 1919. Í viðauka II má finna upprétt túnakort.

(GK-089:022 03) og heimild um traðir (GK-089:022 04). Bæjartóftin (01) er 18 x 12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún nær mest 1 m hæð. Tóft (02) er 17 x 12 m að stærð, snýr NNA-SSV og greina má 5 misstæðileg hólf í henni. Hólf A og B, sem eru suðaustast í tóftinni eru best varðveitt en þar standa hleðslur í allt að 1 m hæð. Veggir í hólfi D, sem er norðvesturhluta tóftarinnar eru nánast alveg hrundir og ekki hærri en 0,4 m. Kerfi kálgarða (03) er merkt umhverfis Vegamót inn á túnakort frá 1919. Kálgarðarnir eru enn vel greinanlegir. Samtals ná þeir yfir svæði sem er 90 x 55 m að stærð og snýr norðvestur-suðausturs. Garðarnir eru grjóthlaðnir og má greina allt að 6 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru hæstar til norðurs og austurs, mest 0,7 m á hæð. Stærsti garðurinn er VSV við bæjarstæðið, um 44 x 8 m að stærð og snýr VNV-ASA. Minnsti kálgarðurinn er rétt norðaustan við Vegamót, 15 x 8 m að stærð, snýr VNV-ASA, og eru veggir þess 0,5 m háir. Enn fremur voru skráðar traðir (04) sem eru merktar inn á túnakort frá 1919. Samkvæmt kortinu lágu þær austur frá bænum. Engin merki þeirra sjást í dag og ekki er vitað hvort þær hafi verið hlaðnar eða ekki.



Tóftin af Býli Bala GK-089:025, horft til SSV.

Býlið Bali (GK-089:025) var skráð um 35 m SSA við Smærnavöll (012 01). Á staðnum sést ein, nokkuð vel varðveitt tóft. Hún er 12 x 6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir tóftarinnar eru 1,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvort tóftin er einföld eða tvískipt en í henni miðri er hryggur sem gæti verið veggur en einnig kemur til greina að aðeins sé um yfirgróið hrun að ræða. Útihús (GK-089:020) er um 5 m norðan við Bala. Tóft þess er niðurgrafin, 7 x 6,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er á kafi í gróðri og virðist vera tvískipt en ekki er útilokað að hún hafi skipst í þrjú hólf. Þetta hefur líklega verið útihús frá Bala þótt ekki sé hægt að útiloka að mannvirkid tengist búskap á Smærnavelli 012 01.

Á svæðinu voru skráðir fjórir aðrir kálgarðar sem ekki voru reistir umhverfis býlin. Kálgarður (GK-089:014 01) er rúmum 85 m suðvestan við Smærnavöll 012 01. Kálgarðurinn er veglegur, um 70 x 12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er hlaðinn beggja vegna við túngarð GK-090:007 og er merktur inn á túnakort frá 1919. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn, mest 0,7 m á hæð og telja má allt að fjögur umför af grjóti í hleðslum. Við kálgarðinn var skráð tóft (GK-089:014 02). Tóftin er einföld og mjög sigin, aðeins 0,2 m á hæð og ekki sér í neitt grjót í hleðslum.



Kálgarður 029, horft til suðausturs.

Tóftin er 9 x 4,5 m að stærð og hefur sennilega verið notuð sem kartöflu- eða grænmetiskofi. Kálgarður (GK-089:015) er um 85 m SSV við Smærnavöll 012 01 og er merktur inn á túnakort frá 1919. Engin greinileg ummerki um kálgarðinn sjást lengur en þar sem hann var er gróin þúst sem rís 0,2 m frá

jörðu og sker sig úr umhverfi sínu vegna þéttari gróðurs en sjá má í kringum hana. Þústin er 6 x 3 m að stærð. Kálgarður (GK-089:016) er tæpum 120 m SSV við Smærnavöll 012 og er merkur inn á túnakort 1919. Kálgarðurinn sést enn en hann er þó mikil raskaður því hann er nú (2022) nýttur sem blómagarður frá Bræðraborg. Garðurinn er a.m.k. 11 x 8 m að stærð og hefur mögulega verið tvískiptur en það er ekki skýrt vegna mikils gróðurs á svæðinu. Einnig var kálgarður (GK-089:029) skráður. Hann er ekki merktur inn á túnakort frá 1919 en kálgarðurinn er teiknaður inn á uppdrátt af Bræðraborg frá 1981 og er því sennilega reistur skömmu eftir að túnakortið var gert. Kálgarðurinn er sléttum 30 m SSV við Vegamót 022 01. Hann er 26 x 15 m að stærð og í hleðslum sjást 2-3 umför af grjóti. Kálgarðsveggirnir eru allt að 0,6 m háir en klapparhóll afmarkar norðvesturhliðina að hluta.

Tveir túngarðar voru skráðir innan úttektarsvæðis. Túngarður (GK-090:007) skildi að tún Króksvalla (GK-090) og Króks (GK-089); hann er merktur inn á túnakort frá 1919. Garðurinn er nálega 330 m langur og allt að 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Hann er grjóthlaðinn og ágætlega varðveisittur á löngum köflum þar sem hann er allt að 0,7 m á hæð en hann er nær útfattur þar sem hann liggur yfir mýri rétt NNV við Smærnavöll 012. Túngarður (GK-089:030 01) er teiknaður NNA-lega í túni Smærnavallar 012 inn á túnakort frá 1919 og afmarkar NNA-hlið túns býlisins. Innan deiliskipulagsreits á lóð Bræðraborgar er garðurinn um 160 m á lengd og 2-4 m á breidd. Garðurinn nær lengra til norðvesturs en hér er lýst en þar er hann utan svæðis. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og er 0,3-1,3 m á hæð, hæstur í norðurhluta. Grjóthlaðin tóft (GK-089:030

02) er við suðurenda túngarðs 01. Tóftin er sennilega af rétt og er ferhyrnd, 18,5 x 8 m að stærð með opí sunnarlega á VSV-hlið.



Minjaskilti af brunni 023, horf til norðurs.

Innan svæðis voru skráðir tveir brunnar. Brunnur (GK-089:023) er rétt norðan við Smærnavöll. Staðurinn er merktur með skilti og er búið að gírða brunninn af með vírgirðingu. Brunnurinn er um 4 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Búið er að fylla brunninn með rusli og því erfitt að meta dýpt hans. Einnig var brunnur (GK-089:027) skráður. Hann er merktur inn á uppdrátt af Bræðraborg frá 1981 en að sögn Unnars Más Magnússonar, heimildamanns, er brunnurinn frá fyrri hluta 20. aldar. Samkvæmt Unnari var fyllt upp í brunninn á 7. áratugnum og þar sem hann var er nú malarplan. Sjást því engin ummerki um brunninn lengur á yfirborði.

Einn legstaður (GK-089:032) fannst innan úttektarsvæðis. Um er að ræða Stein með áletrun og er hann um 50 m NNA við Vegamót 022 01. Staðurinn er merktur með skilti. Engar rúnir fundust á steinunum í þessari úttekt en á vefsíðu ferðahópsins FERLIS er greint frá fornri áletrun á steininum: „Greinileg merki um leturröð eru eftir honum miðjum. Með því að núa snjó í letrið mátti þó greina einstaka rúnastafi. Erfitt er að greina einstök tákna eða stafi, en þar til gerðir fræðingar gætu eflaust komist að því hvers konar letur er um að ræða. Áletrunin er greinilega mjög forn.“⁴ Einnig var getið um manngerðan haug rétt sunnan við steininn en sá haugur er sennilega náttúrulegur að öllu leyti. Einnig voru ein fjárhús (GK-089:033 01) skráð rúmum 40 m suðvestan við Vegamót 022 01. Fjárhúsin eru ekki merkt inn á túnakort frá 1919 en eru teiknuð inn á uppdrátt af Bræðraborg frá 1981. Þau hafa því sennilega verið reist skömmu eftir að túnakortið var gert, eða jafnvel nokkrum áratugum síðar. Aðeins sést tóft fjárhúsanna sem er 5 x 5 m að stærð, efst á náttúrulegum hóli. Tóftin er grjóthlaðin og eru hleðslur 0,5 m á hæð. Rétt norðvestan við fjárhústóftina er áberandi grænt svæði, 7 x 7 m að stærð, og gæti það verið vísbending um heystæði. Grjóthlaðið garðlag (GK-089:033 02) er rétt norðvestan við fjárhúsin. Garðurinn er L-laga, og liggur um 18 m norðvestur-suðaustur. Við suðausturendann beygir hann til suðvesturs á 9 m

⁴ Ferlir.is: „Garður – Legsteinn.“

löngum kafla. Þaðan er eins og garðurinn sé að beygja til suðurs en á þessum stað hverfur garðurinn og framhaldið sést því ekki. Mögulega er garðurinn girðing kringum fjárhús 01 en ekki loka fyrir það skotið að það gæti verið hluti af kálgörðum við Vegamót 022 02. Stök þúst (GK-089:028) er rúmum 10 m norðan við túngarð 030 01. Þústin er 13 x 7 m að stærð. Í henni má sjá tvær 2 x 2 m stórar dældir og er þústin líklega leifar af einhvers konar úтиhúsi.

Að lokum var heimild um hjall (GK-090:010) skráð um 90 m suðvestan við nýbýlið Bræðraborg. Staðurinn er utan úttektarsvæðis 2022 en helgunarsvæði hans (15 m) nær inn fyrir það og því var hann tekinn með í þessa umfjöllun. Í örnefnaskrá Krókvallar segir um staðinn: „Fiskhús voru upp við veginn, alveg suður við merki milli Smærnavallar [nafnið er þó iðulega notað í eintölu] og Krókvallar.“⁵ Engin ummerki sjást lengur um fiskhús á þessum stað en rétt er að geta þess að til er ljósmynd af þessum minjum sem varðveitt er hjá Ásgeiri Kjartanssyni.

Hættumat

Allar minjar sem eru innan úttektarsvæðisins voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hjallur (GK-090:010) er rétt utan við úttektarsvæðið og af þeim sökum aðeins skilgreindur í hættu af sömu sökum. Alls voru 27 fornleifar (einingar) metnar í stórhættu og ein fornleif í hættu (tafla 1). Rétt er að geta þess að í hættumatinu er **ekki** fólgíð mat á gildi fornleifa, heldur er því aðeins ætlað að vekja athygli á því að umræddir minjastaðir gætu verið í hættu vegna áætlana um uppbryggingu á deiliskipulagsreitnum.

Samantekt

Fornleifaúttekt var unnin vegna áforma um íbúðabyggð á Bræðraborgarlandi í Suðurnesjabæ í vorþyrjun 2022. Innan svæðis reyndust 28 minjar. Alls voru þrjú býli skráð og minjar (t.d. kálgarðar og úтиhús) tengdar búskap á þeim stöðum. Býlin eru öll á miðhluta úttektarsvæðisins. Bali og Smærnavellir eru í grennd við hvort annað en Vegamót eru aðeins fjær, við austurhluta svæðisins. Sérstakrar varúðar þarf því að gæta við uppbryggingu í grennd við þessi þrjú býli en reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún er minjadreifing hvað þéttust. Meiri líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós þar sem ekki sjást á yfirborði en á öðrum svæðum sem

⁵ Ö-Krókvöllur, bls. 1.

voru til skoðunar. Færri fornleifar voru skráðar á norðurhluta svæðisins, enda er þar mýrlent og hluti af allstórrri tjörn.

Þær minjar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eins og er almenn vinnureglu með minjar innan deiliskipulagsmarka. Mikilvægt er þó að nefna að þótt minjar séu metnar í stórhættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að sá möguleiki sé fyrir hendi þegar kemur til framkvæmda og því þurfi að gæta að þeim.

Í lokin er rétt að minna á að þráttr fyrir að skráðar hafi verið allar þær minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða yfirborðsummerki fundust um er alltaf hugsanlegt að áður óþekktar minjar komi í ljós við framkvæmdir. Þetta er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga í og við gömlu býlin á jörðinni (Bali, Smærnavellir, og Vegamót). Komi minjar í ljós við framkvæmdir þarf að skyra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.



Uppmældar minjar við Smærnavelli 012. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1984: Árbók Ferðafélags Íslands. 1984. *Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu*. Reykjavík, Árbók Ferðafélags Íslands.

Birna Lárusdóttur (ritstj.). 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. FS404-08011. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

Bræðraborg, uppdráttur (1981). Uppdráttur af Bræðraborg; varðveisstur hjá Unnari Má Magnússyni.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornþrófusafn I–XV*. bindi. 1857–1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2006. *Fornleifakönnun að Útskálum*. FS303-06092. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Hallmann Sigurðsson. 1966. „Býli og búendur í Garði 1903-1915.“ *Faxi* (júníblað), bls. 87-89.

JÁM III: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924. III. bindi. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/2012.

Ö-Krókur: Örnefnaskrá fyrir Krók. Á.á. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Krókvöllur: Örnefnaskrá fyrir Krókvöll. Á. á. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Miðhús og Krókur: Örnefnaskrá fyrir Miðhús og Krók. Á. á. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Krókur og Miðhús, aths.: Örnefnaskrá Miðhús og Krókur í Garði. Athugasemdir Torfa Sigurjónssonar við skrá Ara Gíslasonar. 1967. S. S. Skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

www.ferlir.is. „Garður – legsteinn.“ Sótt í júlí 2022 af <https://ferlir.is/gardur-letursteinn/>.

Heimildafólk


Unnar Már Magnússon, f. 1949.

Vilhelm Guðmundsson f. 1937

Hnitaskrá ISN93

Auðkenni	Austur	Norður
GK-089:010	321530	402002
GK-089:012 01	321562	401949
GK-089:012 02	321562	401947
GK-089:012 03	321557	401945
GK-089:012 04	321571	401945
GK-089:013	321551	401937
GK-089:014 01	321511	401885
GK-089:014 02	321493	401865
GK-089:015	321528	401868
GK-089:016	321509	401831
GK-089:020	321559	401921
GK-089:022 01	321633	401870
GK-089:022 02	321629	401875
GK-089:022 03	321623	401874
GK-089:022 04	321631	401853
GK-089:023	321563	401969
GK-089:025	321562	401916
GK-089:027	321566	401841
GK-089:028	321645	402113
GK-089:029	321609	401844
GK-089:030 01	321635	402109
GK-089:030 02	321601	401936
GK-089:031	321594	401954
GK-089:032	321655	401913
GK-089:033 01	321594	401859
GK-089:033 02	321585	401868
GK-090:007	321480	401922
GK-090:010	321464	401801

Minjakort



Túnakort

